



www.visitakureyri.is

Akureyri

ÖLL LÍFSINS GÆÐI



BÆJARKORT OG UPPLÝSINGAR



Upplýsingamiðstöðin á Akureyri
Hafnarstræti 82 • 600 Akureyri
Sími 553 5999 • Fax 553 5909
info@visitakureyri.is • www.visitakureyri.is



Frí bílastæði
- munið bílastæðaklukkurnar



Til og frá **Akureyri**

Samgöngur við bæinn eru greiðar, hvort sem ferðast er í lofti eða á láði. Flugfélag Íslands heldur uppi reglulegu flugi mörgum sinnum á dag frá Reykjavík (www.flugfelag.is) og sérleyfisbílar aka með farþega sína um 380 km leið frá höfuðborgarsvæðinu (www.trex.is). Með rútu tekur ferðin um 6 tíma en í einkabíl um 4.5 til 5 tíma.

Yfir sumartímann heldur flugfélagið Iceland Express uppi beinu flugi á milli Akureyrar og Kaupmannahafnar (www.icelandexpress.is).

Hrísey er hluti sveitarfélagsins Akureyrar en þangað siglir ferjan Sævar frá Árskógssandi alla daga, allan ársins hring og tekur siglingin um 15 mínútur.

Grimsey er einnig hluti sveitarfélagsins en þangað má komast með ferjunni Sæfara frá Dalvík, sjá nánar á www.grimsey.is



Afbreyting og menning

NÁTTÚRA OG ÚTIVIST

Umhverfis Akureyri er samfelld opið svæði þar sem lífríki og landslag er afar fjölbreytt og gróður víða sérlega gróskumikill. Það sama á við um sjálfan bæinn í brekkunum vaxa t.d. margar forvitnilegar jurtategundir. Lystigarður Akureyrar er ein af þeim Akureyrar og er víðfrægur fyrir fagra flóru en til hans var stofnað fyrir forgöngu hóps kvenna árið 1911. Í garðinum eru nánast allar þær plöntur sem finnast á Íslandi og um 7.000 erlendar plöntur (www.lystigardur.akureyri.is).

GÖNGULEIÐIR

Innan bæjarmarka Akureyrar eru mörg áhugaverð útivistarsvæði og gönguleiðir. Má þar nefna gönguleiðir meðfram Glerá og óshólma Eyjafjarðarár, fólkvanginn Krossanesborgir norðan Glerárporps, og Kjarnaskóg, skógi vaxið útivistarsvæði Akureyringa. Þar liggja göngustígar víðsvegar um svæðið, auk þess sem þar er að finna ýmis leiktæki, áningarstaði og grillaðstöðu. Vinsælt er að ganga á fjöllin Súlur (1213 metra yfir sjávarmál) og um Glerárdalinn, en landslag dalsins er afar fjölbreytt og kjörið til útivistar. Fyrirtækið Helgi magri býður upp á skemmtilegar gönguferðir með leiðsögn um gamla Innbæinn. Þeim, sem vilja lengri

gönguferðir með leiðsögn, er bent á Ferðafélag Akureyrar sem býður upp á fjölmargar skipulagðar gönguferðir á sumrin og skíðagönguferðir á veturna (www.ffa.est.is). Einnig eru farnar skipulagðar gönguferðir um hinn svokallaða Glerárdalshring. Nánari upplýsingar: www.glerardalur.is.

SUND

Sundlaug Akureyrar er ein vinsælasta sundlaug landsins og þangað koma um 350.000 gestir á ári hverju. Á sundlaugarsvæðinu eru m.a. tvær 25 metra útilaugar ásamt fjórum heitum pottum, sem eru á bilinu 38–42°C heitir, eimbaði, rennibrautum, buslaug og innilaug. Við sundlaugina er vinsæll fjölskyldugarður með alls kyns leiktækjum. Í Íþróttamiðstöð Glerárskóla er einnig góð innisundlaug sem er 16,7 metrar og um 31°C heit. Ekki má heldur gleyma nýrri sundlaug í Hrísey þar sem einnig er að finna buslaug fyrir börnin og heitan pott.





GOLF

Á Akureyri er nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, Jaðarsvöllur. Þar er árlega haldið golfmót sem er einstakt í sinni röð og nefnist Arctic Open. Sérstaða þess felst í því að spilað er að næturlagi sem byggist að sjálfsögðu á hinni björtu, íslensku sumarnótt (www.arcticopen.is). Völlurinn er opinn frá miðjum maí til loka september frá kl. 9–22.

SIGLINGAR OG VEIÐI

Óviða á landinu eru aðstæður til siglinga betri frá náttúrunnar hendi en á Pollinum við Akureyri. Þar stendur siglingaklúbburinn Nökkvi fyrir öflugri starfsemi og býður yfir sumartímann námskeið fyrir börn og unglinga, auk þess sem leigðir eru út bátar og kajakar. Einnig er hægt að fara með eikarbátnum Húna í siglingar um fjörðinn og báturinn Haffari býður daglegar sjóstangaveiðiferðir.

Í nágrenni Akureyrar eru að auki fjölbreyttir möguleikar á stangaveiði í ám og vötnum. Í því sambandi má benda á heimasíðu Stangaveiðifélags Akureyrar, www.svak.is, og www.angling.is.

ÚTREIÐARTÚRAR

Það er einstök upplifun að skoða náttúru Eyjafjarðar af hestbaki, kynnast hrossunum og þeirri menningu sem fylgir hestamennsku. Fjórar hestaleigur eru í næsta nágrenni bæjarins en þær eru Kátur (4 km frá Akureyri), Norðanhestar (2 km), Pólarhestar (37 km), og Tvistur (47 km).

LENGRI FERÐIR

Fyrirtækið SBA Norðurleið (www.sba.is) býður allt árið upp á áhugaverðar rútuferðir til að skoða ýmsar náttúruperlur



og áhugaverða staði í nágrenni Akureyrar. Má þar nefna Mývatnssveit, Húsavík, Ásbyrgi og Dettifoss.

VESTRARÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS

Eyjafjörður er einn besti staðurinn á Íslandi til að stunda skíði, hvort sem er göngu- og svigskíði eða snjóbretti.

Skíðaland Akureyringa er í Hlíðarfjalli, 5 km ofan við bæinn og er það að mörgu leyti einstakt í sinni röð. Þar eru 6 lyftur og 23 skíðabrautir sem eru alls um 15 km langar. Gönguskiðasvæðið er um 10 km og eru 3.5 km af þeim upplýstir. Á svæðinu er skíðaskóli, skíðaleiga og kaffihús. Skíðasvæðið er lægst í um 500 m hæð yfir sjávarmáli og nær upp í um 1000 m hæð. Þar er því jafnan nægur snjór yfir vetrarmánuðina en snjóbyssur hafa nú verið keyptar til að framleiða snjó ef hörgull er á honum. Í Hlíðarfjalli eru árlega haldin alþjóðleg skíðamót (www.hlidarfjall.is).

Í Skautahöllinni í innbænum á Akureyri er öflugt skautastarf, æfingar og mót en einnig opnir tímar fyrir almenning og skautaleiga. Ópið frá september til maí.

MENNING OG LISTIR

Söfnin á Akureyri eru óþrjótandi uppspretta fróðleiks, fegurðar og skemmtunar. Listasafnið í Gilinu er ein helsta skrautfjodorin, enda hafa sýningarnar þar vakið verðskuldaða athygli allra landsmanna síðustu misserin.

Minjasafnið á Akureyri er rótgróið safn sem státar af merkilegum sýningum þar sem má á aðgengilegan og skemmtilegan hátt fræðast um þróun byggðar á svæðinu, allt frá landnámi til okkar daga. Önnur helstu söfn í bænum eru Flugsafnið og Iðnaðarsafnið.

Akureyrarbær hefur fóstað sum ástsælustu skáld Íslendinga. Má þar til dæmis nefna Davíð Stefánsson, Matthías Jochumsson og Jón Sveinsson, Nonna. Í bænum eru rekin söfn og fræðasetur í minningu þeirra, þ.e.a.s. Davíðshús,

Sigurhæðir og Nonnahús. Matthías Jochumsson er m.a. höfundur ljóðsins við íslenska þjóðsönginn og Jón Sveinsson er einn þekktasti rithöfundur Íslendinga á erlendri grund.

Loks má geta þess að á Akureyri er starfandi Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og þar starfar einnig eina atvinnuleikhúsið utan höfuðborgarsvæðisins, Leikfélag Akureyrar, en sýningar þess hafa notið gríðarlegra vinsælda. Nýja menningar- og ráðstefnuhúsið „Hof“ sem verður vígt 2009 mun efla ferðaþjónustu og verður hvati til enn fjölbreyttara menningar- og listalífs.

LISTAGILIÐ OG LISTASUMAR

Miðstöð menningarlífs á Akureyri er við Kaupvangsstræti, sem liggur um Grófargil í miðbæ Akureyrar. Þessi gata er í daglegu tali kölluð Listagil. Þarna var lengi umfangsmikil iðnaðarstarfsemi sem smám saman fluttist annað og þá losnaði mikið af húsnæði sem framsýnt fólk sá að var kjörið fyrir hvers kyns listastarfsemi. Þar eru nú m.a. Listasafnið á Akureyri, Myndlistaskólinn á Akureyri, vinnustofur listamanna, smærri sýningarsalir, veitingahús, fjölnotasalirnir Deiglan og Ketilhús, og gestavinnustofa fyrir listamenn hvaðanæva að.



Á hverju ári er efnt til mikillar menningar- og listadagskrár á Akureyri undir heitinu Listasumar og stendur hún frá miðjum júní til síðari hluta ágúst. Hápunktur Listasumars er Akureyrarvaka en hún er haldin á laugardegi sem næst afmæli Akureyrarbæjar sem er 29. ágúst.

NÆTURLÍF

Á daginn er Akureyri friðsæl en ef þig þyrstir í fjörugt næturlíf þá ertu á rétta staðnum. Líflegast er á föstudags- og laugardagskvöldum þegar miðbærinn iðar af lífi og dansinn dunar á skemmtistöðunum. Hver staður hefur sína sérstöðu og allir aldurshópar ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Akureyringar kunna að gleðjast á góðri stund, hvort sem er í bjarma miðnætursólar eða um hávetur, og þeir taka gestum bæjarins opnum örmum.

Í næsta nágrenni

Mjög marga áhugaverða staði er að finna í nágrenni Akureyrar. Hér á eftir verða nokkrir þeirra nefndir.

EYJAFJÖRÐUR

Hvarvetna er fagurt um að litast í blómlegum sveitum Eyjafjarðar og þar er margt skemmtilegt í boði fyrir þá sem vilja upplifa eitthvað sérstakt. Af áhugaverðum stöðum og söfnum í firðinum má nefna Safnasafnið í Eyjafirði (10 km frá Akureyri), Jólahúsið (10 km), miðaldakaupstaðinn á Gásum (11 km), gamla bæinn og safnið í Laufási (30 km), Smámunasafnið (35 km), gömlu torfkirkjuna í Saurbæ (35 km) og Síldarminjasafnið á Siglufirði (120 km frá Akureyri). Í Holtsemi (20 km) er hægt að fá heimagerðan ís í margskonar bragðtegundum sem gaman er að prufa

Hægt er að fara í margar skemmtilegar fjallgöngur m.a. á hæsta tind fjarðarins, Kerlingu (1.538 m.y.sm.). Hestaleigurnar Kátur, Pólarhestar og Tvistur bjóða upp á lengri og skemmri reiðtúra. Utan Akureyrar komast kylfingar í golf á Leifsstöðum (3 km frá Akureyri), Þverá (10 km), Grenivík (38 km), í Svarfaðardal (47 km), Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði (61 km) og á Hólsvelli á Siglufirði (120 km).

HRÍSEY (35 KM)

Hrísey er gjarnan kölluð Perla Eyjafjarðar og ekki að ósekju. Þar búa um 200 manns í fögru umhverfi þar sem er að finna tjaldsvæði, lítið hótél, veitingastað, verslun, söfn, sundlaug og nýtt félagsheimili með fundaraðstöðu. Fjölbreyttar gönguleiðir liggja um eyjuna, hún hefur að geyma mikla orkulind sem er talin önnur mesta orkulind landsins á eftir Snæfellsjökli auk þess sem fuglalíf eyjunnar er margrómað.

Ekið er frá Akureyri um Arnarneshrepp. Yst í Arnarneshreppi er Fagriskógur, fæðingarstaður skáldsins Davíðs Stefánssonar. Frá Árskógssandi gengur ferjan Sævar til Hríseyjar. Ferðin með ferjunni tekur um 15 mínútur. Til að skoða áætlun ferjunnar sjá: www.akureyri.is/hrisey/ferjan.

VAGLASKÓGUR (34 KM)

Í Fnjóskadal austan Vaðlaheiðar er Vaglaskógur, annar stærsti náttúrulegi skógurinn á landinu. Leiðin í Vaglaskóg liggur um Víkurskarð, en yfir sumarið er mögulegt að fara gömlu þjóðleiðina um Vaðlaheiði. Þaðan er fagurt útsýni yfir Akureyri og Eyjafjörð.

GOÐAFOSS (40 KM)

Goðafoss er ekki mjög hár en jafnframt einn fallegasti foss landsins. Ekki langt fyrir ofan fossinn skiptist Skjálfandafljót í tvennt, þar er að finna eyjuna Hrútey. Hraunþekjan við bakka Goðafoss, Bárðadalshraun, kemur upphaflega frá Trölladyngju sem er norðan Vatnajökuls. Hraunið er allgamalt eða yfir 7.000 ára. Vegalengdin sem það rann um er yfir 100



km frá upptökunum. Nafnið Goðafoss má rekja til þess þegar Þorgeir Ljósvetningagoði, sem gefið var það vald að ákveða hvort Íslendingar héldu heiðinni trú eða tækju upp kristna trú, henti súlunum sem voru tákni heiðinnar trúar í fossinn og afneitaði henni þar með.

MÝVATNSSVEIT (90 KM)

Mývatnssveit er á jaðri virks eldgosabeltis og hefur eldvirkni verið mikil á svæðinu. Mývatn er heimsþekkt fyrir fuglalíf og í sveitinni eru ótal gönguleiðir þar sem margt ber fyrir augu. Nefna má Grjótagjá, Dimmuborgir, Hverfjall, Vindbelgjarfjall, Höfða og Skútustaðagíga. Mývatnssveit er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins. Eftir góðan dag í sveitinni jafnast fátt á við slökun í Jarðböðunum sem njóta sívaxandi vinsælda. Á leiðinni frá Akureyri í Mývatnssveit er margt forvitnilegt að sjá. Margir staldra t.d. við Goðafoss, sem fyrr er nefndur, en hann er skammt frá þjóðveginum við bæinn Fosshól í Bárðardal.

HÚSAVÍK (90 KM)

Húsavík er um 2.600 manna bær við Skjálfandaflóa þar sem meðal annars er að finna hið margrómaða Hvalasafn og þaðan eru farnar tíðar hvalaskoðunarferðir um flóann. Fleiri áhugaverð söfn er að finna í bænum og ferðafólki skal hér einnig bent á Húsavíkurkirkju sem þykir með fegurstu kirkjum.

GRÍMSEY (100 KM)

Til Grímseyjar er hægt að komast með bátsferðum frá Dalvík og með flugi frá Akureyri. Í Grímsey búa um 95 manns.



Heimskautsbaugur liggur um eyjuna þvera og fuglalíf er mjög fjölskrúðugt. Þar verpa ýmsar tegundir sjófugla í hömrum og mikill fjöldi kría.

SÖGUBROT

Akureyri - bærinn við fjörðinn

Akureyrar er ekki getið með vissu fyrr en árið 1562. Nafn bæjarins er fornt og tengist akuryrkju en uppbygging hans var í upphafi nátengd verslun og útflutningi landbúnaðarafurða. Árið 1787 var einokunarverslun afnumin á Íslandi og var Akureyri einn sex verslunarstaða á Íslandi sem fékk kaupstaðarréttindi við þau tímamót. Verslun var þó jafnan í höndum danskra eða danskættaðra kaupmanna enda var Ísland hluti af danska konungsveldinu. Á langri viðdöl sinni lögðu Danir Akureyringum margt til, svo sem kartöflurækt, trjárækt, húsagerðarlist og menningu. Hin eiginlega Akureyri er lítil eyri sem liggur niður af Búðargili, en eyrin myndaðist af framburði lækjar sem rann niður gilið. Þar reis fyrsta byggð kaupstaðarins og þar stendur einmitt elsta hús bæjarins, Laxdalshús, við Hafnarstræti 11. Húsið var reist árið 1795. Oddeyri, annar elsti bæjarhlutinn, var forn samkomu-eða þingstaður. Oddeyrar er getið í Víga-Glúms sögu og Ljósvetninga sögu. Þar voru Jón Arason, síðasti kápólski biskupinn á Íslandi, og synir hans dæmdir landráðamenn og eignir þeirra dæmdar konungi árið 1551. Á Oddeyri voru umsvif Gránufélagsins, en félagið var stofnað árið 1872 og var það í fyrsta skipti sem Íslendingar versluðu frá Akureyri. Bæjarmörk Akureyrar að norðan voru lengst af miðuð við Glerá og því var byggðin þar, sem nefndist Glerárþorp, utan þeirra. Glerárþorp var sameinað Akureyrarbæ árið 1955 og nafninu breytt í Glerárhverfi. Í daglegu tali er þessi hluti bæjarins þó oftast kallaður Glerárþorp eða Þorpið.



Þjónusta á Akureyri

		Gisting	Heimilisfang	Sími	Netfang
1	F5	Hótel Akureyri	Hafnarstræti 67	462 5600	hotelakureyri@hotelakureyri.is
2	F6	Hótel Edda	v/Hrafnagilstræti	444 4000	edda@hoteleda.is
3	F5	Hótel Harpa	Hafnarstræti 83-85	460 2000	harpa@keahotels.is
4	F4	Hótelbúðir	Geislagata 10	892 9838	hotelibudir@hotelibudir.is
5	F5	Hótel KEA	Hafnarstræti 87-89	460 2000	kea@keahotels.is
6	F4	Hótel Norðurland	Geislagata 7	462 2600	nordurland@keahotels.is
7	F4	Hrafninn gistihús	Brekkgata 4	661 9050	akureyriguesthouse@akureyriguesthouse.is
8	F5	Gistiheimili Akureyrar	Hafnarstræti 104	462 5600	hotelakureyri@hotelakureyri.is
9	F4	Gistiheimilið Akurlinn	Brekkgata 27a	461 2500	akurinn@akurinn.is
10	F6	Gistiheimilið Brekkusel	Byggðavegur 97	461 2660	info@brekkusel.is
11	F4	Gistiheimilið Gula Villan	Brekkgata 8	896 8464	gulavillan@nett.is
12	F5	Gistiheimilið Gula Villan	Þingvallastræti 14	896 8464	gulavillan@nett.is
13	F6	Gistiheimilið Sútur	Þórunnarstræti 93	461 1160	sulur@islandia.is
14	E4	Gistiheimilið Sútur	Klettastígur 6	461 1160	sulur@islandia.is
15	E2	Farfluglaheimili	Stórholt 1	462 3657	akureyri@hostel.is
16	E13	Tjaldsvæðið við Hamra	Hamrar við Kjarnaskóg	461 2264	hamrar@hamrar.is
17	E5	Tjaldsvæðið við Þórunnarstræti	Þórunnarstræti	462 3379	hamrar@hamrar.is
18	F4	Gistiheimilið Sólgarðar	Brekkgata 6	461 1133	solgardar@simnet.is
19	F7	Sæluhús	Sunnutröð	618 2800	saeluhus@saeluhus.is
Veitingastaðir					
20	G5	Bautinn	Hafnarstræti 92	462 1818	bautinn@bautinn.is
21	F5	Fríðrik V	Kaupvangsstræti 6	461 5775	fridrikv@fridrikv.is
22	F3	Greifinn	Glerárgata 20	460 1600	greifinn@greifinn.is
23	F4	DJ Grill	Strandgata 11	462 1800	hbtasimnet.is
24	F4	Krua Siam	Strandgata 13	466 3800	kruasiam@simnet.is
25	G5	La Vita é Bella	Hafnarstræti 92	461 5858	bautinn@bautinn.is
26	F3	Litla Kaffistofan	Tryggvabraut 12	462 2345	litlakaffi@simnet.is
27	F5	Rósagarðurinn (Hótel KEA)	Hafnarstræti 87-89	460 2000	kea@hotelkea.is
28	F5	RUB23	Kaupvangsstræti 23	461 2756	rub23@rub23.is
29	F5	Staðurinn	Skipagata 2	464 1420	stadurinn@stadurinn.is
30	F5	Stríkið	Skipagata 14	462 7100	strikid@strikid.is
31	G5	Subway	Kaupvangsstræti 1	461 3400	subway@subway.is
32	F5	Bryggjan	Skipagata 12	440 6600	bryggjan@bryggjan.is
33	F4	Pengs	Gránufélagsgötu 10	466 1001	pengsrestaurant@hotmail.com
Áhugaverðir staðir, afþreying og söfn					
34	G7	Keilan	Hafnarstræti 26	461 1126	keilan@keilan.is
35	G4	Ferðafélag Akureyrar	Strandgata 23	462 2720	ffa@ffa.is
36	H12	Flugsafn Íslands	Akureyri Airport	461 4400	flugsafn@flugsafn.is
37	G5	Haffari, sjóstangveiði	Torfunesbrýggja	860 3890	sigurdur@haffari.is
38	F5	Helgi magri, lífandi leiðsögn		863 2080	herdis@hema.is
39	A6	Hliðarfjall	Hliðarfjall	462 2280	hliðarfjall@hliðarfjall.is
40	G5	Húni lí, bátsferðir	Torfunesbrýggja	848 4863	steinipje@simnet.is
41	G10	Íðnaðarsafnið	Krókeyri	462 3600	idnadarsafnid@idnadarsafnid.is
42	D8	Jaðarsvöllur, golf	Jaðri	462 2974	gagolf@gagolf.is
43	H8	Kátur, hestaleiga	Kaupangsbakkar	695 7218	midgerdi@gmail.com
44	F6	Leikfélag Akureyrar	Hafnarstræti 57	460 0200	midasala@leikfelag.is
45	F5	Listasafnið á Akureyri	Kaupvangstræti 12	461 2610	listasafn@akureyri.is
46	F6	Lystigardur Akureyrar	v/Eyrarlandsvegur	462 7487	lystigardur@akureyri.is
47	G8	Minjasafnið á Akureyri	Aðalstræti 58	462 4162	akmus@akmus.is
48	G8	Nonnahús	Aðalstræti 54	462 4162	nonni@nonni.is
49	G7	Nökkvi, siglingaklúbbur	Höfnersbrýggja	694 7509	runar@myndrun.is
50	G9	Skautahöllin	Naustavegur 1	461 2440	vidar@sassport.is
51	F5	Sundlaug Akureyrar	Þingvallastræti	461 4455	sund@akureyri.is
52	D3	Glerárlaug	Höfðahlíð	462 1539	sportgler@akmennt.is
53	F11	Norðanhestar	Hamraborg	865 9165	nordanhestar@nordanhestar.is
Samgöngur og upplýsingar					
54	G5	Upplýsingamiðstöð	Hafnarstæti 82	553 5999	info@visitakureyri.is
55	H12	Flugfélag Íslands	Akureyrar flugvöllur	460 7000	websales@airiceland.is
56	H12	Avis / Budget bílaleiga	Akureyrar flugvöllur	824 4010	lilja@avis.is
57	H12	Hertz bílaleiga	Akureyrar flugvöllur	522 4440	hertz@hertz.is
58	H12	Icelandexpress	Akureyrar flugvöllur	550 0600	info@icelandexpress.is
59	H12	Flugleiðir	Akureyrar flugvöllur	425 0220	athugasemdir@icelandair.is
60	F3	National Car bílaleiga	Tryggvabraut 12	461 6000	nationalcar@nationalcar.is
61	G3	SBA - Norðurleið, rútuferðir	Hjalteyrargata 10	550 0700	sba@sba.is
62	F4	BSD leigubílar	Strandgata	461 1010	bso.taxi@simnet.is
63	F5	TREX áætunarferðir	Hafnarstræti 77	461 1106	info@trex.is
64	F5	Víking hjólaeiga	Hafnarstræti 104	461 5551	theviking@simnet.is
65	F3	Saga / Thrifty bílaleiga	Tryggvabraut 5	515 7110	booking@dti.is



THE VIKING

FAMILY BUSINESS FOR 50 YEARS



THE VIKING : INFO

Laugavegur 1 • Reykjavík • 581 1250
Hafnarstræti 3 • Reykjavík • 551 1250
Hafnarstræti 104 • Akureyri • 4615551

email: theviking@simnet.is



CHECK OUT - WWW.THEVIKING.COM

Komdu í hópinn


Njóttu dvalarinnar í bænum og líttu
við á Greifanum þar sem máltíðin bíður.
Spurðu hvern sem er,
hér vita allir hvar við erum.




GREIFINN

R E S T A U R A N T

Glerárgata 20 • 600 Akureyri • Sími 460 1600
greifinn@greifinn.is • www.greifinn.is





www.visitakureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

- Tjaldstæði
- Flugvöllur
- Bókasafn
- Golfvöllur
- Upplýsingar
- Hestaleiga/-hús
- Pósthús
- Matvöruverslun
- Íþróttavöllur
- Sundlaug
- Skíðaaðstaða
- Spítali
- Lögregla
- Gisting
- Veitingastaðir
- Miðbær
- Gönguleiðir/stígar

Útskýringar á korti



